

Ed.

120. Frumvarp

til laga um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., 4. nóv. 1881.

Frá nefndinni í málinu: Frumvarp til laga um árgjald af verslun og viðskiftum við útlönd.

1. gr.

Af eftirtöldum fiskiafurðum, sem fluttar eru hjeðan af landi, skal greiða útflutningsgjald:

af hverri tunnu sildarlýsi (105 kg.)	50 aura,
af hverjum 100 kg. af fódurmjöli	40 aura,
af hverjum 100 kg. af fódurkökum	30 aura,
af hverjum 100 kg. af áburðarefnum	20 aura.

2. gr.

Um gjald þetta og greiðslu þess fer eftir fyrirmælum laga nr. 16 frá 4. nóvbr. 1881 um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.